

Tafla V6. Þættir myndaðir í þáttagreiningum út frá staðhæfingum ungmenna við atriðum í svarsheftisinu.

(i) **B**: Áhugamál. Átta sterkir þættir voru greindir í annars stigs þáttagreiningu. "**Sjaldan/ekki**" í dálkinum **Staðhæfingar** táknar neikvætt samband.

Kafli	Þáttur	Frekari lýsing	Staðhæfingar
B	Áhugamál	i	Vellíðan
			Góð líðan og sjálfsímynd, góð tengsl við foreldra
		ii	Ánægja hér
			Jákvætt viðhorf til framboðs og þjónustu, aðstöðu til félagslífs og íþróttar og búsetu á svæðinu
		iii	Frelsi
			Virk þátttaka í íþróttum og tómstundalífi, ekki strangt aðhald frá foreldrum
		iv	Gætni
			Andstæða við áhættuhegðun: lítil eða engin áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun
		v	Námsgleði
			Jákvætt viðhorf til námsins, skólans og kennaranna, góður námsárangur
		vi	Öryggi hér
		vii	Aðhald
			Virkt eftirlit og aðhald foreldra
		viii	Nám hér

- Ég er ánægð/ur með sjálfa/n mig
- Ég er sjaldan/ekki einmana
- Mér hefur almennt líðið vel undanfarið
- Ég tel auðvelt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum mínum
- Mér finnst nægjanlegt framboð á íþróttum og tækifærum til hreyfingar
- Ég er sátt/ur við þá aðstöðu sem er til staðar til íþróttaiðkunar
- Það er ágætt félagslíf hér á svæðinu
- Það er gott að búa í þessu sveitarfélagi
- Það er gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu hér á svæðinu
- Ég er ánægð/ur með úrval í verslunum
- Ég er ánægð/ur með samgöngum á svæðinu
- Ég mun í framtíðinni búa hér á þessum stað
- Ég á áhugamál sem ég stunda reglulega
- Ég tek þátt í skipulögðu tómstundastarfi
- Ég stunda íþróttir, í skóla, sjálfstætt eða með félagi
- Ég á foreldra sem setja sjaldan/ekki ákveðnar reglur um hvað ég má gera utan heimilis
- Ég nota sjaldan/ekki munntóbak/neftóbak
- Ég hef sjaldan/ekki orðið ölvuð/aður
- Ég hef sjaldan/ekki verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi í s.l. viku
- Ég hef sjaldan/ekki farið út og komið heim eftir miðnætti í s.l. viku
- Ég reyki sjaldan/ekki
- Ég nota sjaldan/ekki hass/amfetamín/E-töflur/-duft
- Mér líður vel í skólanum
- Mér semur vel við kennarana
- Ég er ánægð/ur með þá menntun og kennslu sem ég fæ í skólanum mínum
- Ég tel, að skólinn minn sé eins góður og aðrir skólar á sama skólastigi
- Mér finnst námið vera mikilvægt
- Mér finnst ég hafa verið vel undirbúin/n fyrir nám á framhaldsskólastigi
- Mér gengur vel í skólanum (með mið af einkunnum og loknum einingum)
- Ég tel mig örugga/n þegar ég er ein/n að gangi á kvöldin
- Ég er með foreldrum mínum utan skólatíma á virkum dögum
- Ég er með foreldrum mínum utan skólatíma um helgar
- Ég á foreldra sem fylgjast með því með hverjum ég er á kvöldin
- Ég á foreldra sem setja ákveðnar reglur um hvað ég má gera utan heimilis
- Ég nota munntóbak/neftóbak
- Það eru í boði fullnægjandi möguleikar til framhaldsnáms í mínu sveitarfélagi

Tafla 6 (ii). **C:** Framtíðaráætlanir. "**Líklega ekki**" er skotið inn á einum stað í dálkinum **Staðhæfingar**, þar sem er neikvætt samband staðhæfingar við þáttinn.

Kafli	Þáttur	Frekari lýsing	Staðhæfingar
C	Framtíðaráætlanir	i Áttthagaást Ánægja og bjartsýni á möguleikum á atvinnu og búsetu hér á svæðinu í framtíðinni	• Það er mikil fjölbreytni í störfum í mínu sveitarfélagi • Það er auðvelt að fá vinnu við hæfi í mínu sveitarfélagi • Mér finnst líklegt að ég komi til með að starfa í mínu sveitarfélagi í framtíðinni • Atvinnutækifærum mun fjölga í mínu sveitarfélagi á næstu árum • Stóriðjuframkvæmdirnar hér hafa verið til góðs • Ég mun búa hér í þessu sveitarfélagi í framtíðinni • Ég mun snúa aftur eftir frekara nám og búa í mínu sveitarfélagi • Ég mun dvelja áfram á svæðinu eða snúa aftur í þetta sveitarfélag í framtíðinni • Búseta í mínu sveitarfélagi er góður kostur • Íbúum í sveitarfélaginu mun fjölga á næstu árum
	ii Háskóli hér	Ánægja með fræðsluframboð, fyrirætlað framhaldsnám hér á svæðinu	• Það er viðunandi aðgengi að háskólanámi í mínu sveitarfélagi • Ég mun stunda háskólanám í mínu sveitarfélagi • Það nám sem ég stefni á er í boði í mínu sveitarfélagi • Ég mun líklega ekki stunda frekara nám annars staðar en í mínu sveitarfélagi
	iii Háskóli almennt	Áætlunir um framhaldsnám að loknu núverandi námi, hér eða annars staðar	• Ég ætla í framhaldsnám að loknu núverandi námi • Ég tel líklegt, að ég fari í nám á háskólastigi • Það er viðunandi aðgengi að háskólanámi í mínu sveitarfélagi
	iv Búseta hér	Jákvætt viðhorf til búsetu hér á svæðinu í framtíðinni	• Búseta í mínu sveitarfélagi er góður kostur • Íbúum í sveitarfélaginu mun fjölga á næstu árum • Margir úr mínum vinahópi munu búa hér í þessu sveitarfélagi í framtíðinni

Tafla 6 (iii). Kafli **D**, Samkennd. Sumar staðhæfingarnar í SAM listanum eru jákvæðar, aðrar neikvæðar, og svarsskalarnir eru tvíþóla (hafa bæði jákvæðan og neikvæðan pól). Í töflunni eru allar staðhæfingar sýndar sem jákvæðar (pól neikvæðra staðhæfinga snúið við og staðhæfingin orðuð samkv. því). Þetta gerir, að staðhæfingarnar eins og þær eru settar fram hér eru ekki alltaf nákvæmlega eins orðaðar og í spurningalistanum.

Kafli	Þáttur	Frekari lýsing	Staðhæfingar
D Samkennd	i Lífsgleði	Jákvæð og opinská sýn á öruggri nútíð og ljósri framtíð, viðhorf, sem endurspeglar lífsgleði og traust á tilverunni, tilgangi lífsins og margbreytileika þess og eigin getu til að takast á við það	- Mér kemur oft á óvart hvernig fólk, sem ég held ég þekkti vel, hagar sér - Lífið er mjög margbreytilegt - Hingað til hefur líf mitt haft ákveðið markmið og tilgang - Líkilega verður flest af því sem ég tek mér fyrir hendur í framtíðinni mjög áhugavert - Það er best að lýsa þeim vandamálum sem lífið býður upp á þannig, að alltaf megi finna lausn á þeim - Það kemur oft fyrir, þegar ég hugsa um líf mitt, að ég finn hversu dásamlegt það er að lifa - Þau verk, sem ég vinn daglega, eru uppspretta gleði og sannrar ánægju - Í framtíðinni mun líf mitt að öllum líkindum verða fullt af algjörlega ófyrirsjáanlegum breytingum - Ég sé það fyrir þér, að í framtíðinni muni einkalíf mitt verða fullt af tilgangi og föstum ásetningu - Ég tel það öruggt, að það verði alltaf til fólk sem ég get treyst - Þegar ég íhuga þau vandamál, sem ég á að öllum líkindum eftir að glíma við á lífsleiðinni, hef ég á tilfinningunni, að ég eigi alltaf eftir að sigrast á örðugleikunum
	ii Bjartsýni	Tilfinningalegt jafnvægi, traust á opnum hug og heiðarleika annarra, stöðugleiki og traust á eigin tilfinningum og hugsunum	- Mér kemur sjaldan á óvart hvernig fólk, sem ég hélt ég þekkti vel, hagar sér - Það hefur sjaldan gerst, að fólk, sem ég treysti, hafi valdið mér vonbrigðum - Fólk kemur sjaldan illa fram við mig - Ég hef sjaldan tilfinningar og hugsanir, sem eru í algjörrri andstæðu við hvorar aðrar - Ég hef sjaldan tilfinningar innra með þér, sem ég vil helst ekki vita um - Ég fæ sjaldan á tilfinninguna, að ég viti ekki nákvæmlega hvað um er að vera - Jafnvel þeim, sem hafa mikið sjálfstraust, finnst stundum að þeir séu „ógæfumanneskjur“. Ég hef <u>ekki</u> haft þessa tilfinningu! - Það vakna sjaldan hjá mér tilfinningar, sem ég er ekki viss um, að ég geti stjórnað
	iii Æðruleysi	Höfnun á efasemdum, trú á eigin getu til að velja rétta leið í lífinu, sjálfstraust	- Ég fæ sjaldan þá tilfinningu, að ég sé komin(n) á framandi stað í tilverunni, og viti ekki hvað ég eigi að gera - Áður, þegar eitthvað óskemmtilegt kom fyrir, var það venjulega svo, að ég sagði „Það er ekki meira með það“, og lét það svo eiga sig - Mér finnst oft, þegar eitthvað alvarlegt eða mikilvægt hefur komið fyrir, að ég sjái atburðinn í réttu ljósi
	iv Jafnaðargeð	Sátt við lífsaðstæður, rósemd, fyrirsjón	- Síðustu 10 árin í lífi mínu hafa verið fyrirsjáanleg, án breytinga sem komu mér á óvart - Þegar ég fæ eitthvert erfitt vandamál, sem ég verð að leysa, er lausnin skýr og augljós - Í framtíðinni mun líf mitt að öllum líkindum verða fyrirsjáanlegt, án breytinga sem koma á óvart
	v Traust	Fullvissa um skilning á tilgangi hversdagslífsins, öðru fólk og því hvernig það hugsar og hegðar sér	- Ég hef sjaldan þá tilfinningu, að fólk skilji mig ekki þegar ég tala við það - Þegar ég hef tekið að mér eitthvert verk, sem krefst samvinnu við aðra, fæ ég venjulega á tilfinninguna, að það verði örugglega framkvæmt - Mér finnst ég þekkja ágætlega það fólk, sem ég hitti daglega, aðra en mína nánustu - Mér finnst sjaldan, að mér sé eiginlega sama um það, sem skeður í kringum þig - Mér finnst oft, þegar ég er að gera eitthvað, sem mér finnst ánægjulegt, að mér muni áreiðanlega halda áfram að líða vel - Ég fæ það sjaldan á tilfinninguna, að þeir hlutir, sem ég geri daglega séu tilgangslausir